

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	21.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar kröfur í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnlausan málm. Fráviki er varðar ryk yfir starfsleyfismörkum í mölunarlínu 1 er lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Elkem á Grundartanga og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- BAT niðurstöður um iðnað með járnlausan málm og samanburður við verksmiðju Elkem
- Kynning Umhverfisstofnunar á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning Umhverfisstofnunar á nýrri gjaldskrá
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Undanfarin ár hefur Umhverfisstofnun staðið að endurskoðun á starfsleyfum iðnaðar með járnlausan málm m.t.t. BAT niðurstaðna um slíkan iðnað. Áætlað er að starfsleyfi Elkem verði tekið til endurskoðunar veturinn 2023-2024. Í eftirliti nú var farið yfir kröfur í BAT, hvaða aðgerðir rekstraraðili hefur farið í til að uppfylla BAT og aðgerðaáætlun rekstraraðila til að uppfylla BAT. Fram kom að unnið hefur verið að því að uppfylla BAT frá því að BAT niðurstöður voru gefnar út og áður en þær voru innleiddar í reglugerð. Rekstraraðili væri með verkefni og aðgerðaáætlun í gangi til að uppfylla þær kröfur sem koma fram í BAT.

Umhverfisstofnun kynnti nýjan gagnagrunn og kortasjá um mengaðan jarðveg sem og nýja gjaldskrá stofnunarinnar sem tók gildi 1. mars sl.

Rekstraraðili ræddi um tímabundna geymslu úrgangs á athafnasvæði sínu og var bent á að senda erindi til stofnunarinnar vegna þessa.

Í eftirliti 17. maí 2022 kom fram frávik er varðar ryk í mölunarlínu 1 sem mældist yfir starfsleyfismörkum. Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun og ryk hefur mælst undir starfsleyfismörkum í seinni mælingum. Frávikinu telst því lokið.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila og ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.3 í starfsleyfi, sbr. b-lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. rg. 935/2018 Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Fram kom í eftirliti að verksmiðja Elkem uppfyllir ekki að fullu þær kröfur sem fram koma í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnlausan málm.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.06.2023



Sigríður Magnúsdóttir

